

Reykjaví, 4. janúar 2019

Velferðarnefnd

nefnasvid@althingi.is

### **Frumvarps til laga um ófrjósemisaðgerðir, 435. mál, 149. löggjafarþing 2019-2019**

#### Umsögn

Landspítali fagnar endurskoðun laga um ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975, enda lögin barn síns tíma. Kvinnadeild Landspítala hefur lengi sinnt þessum málaflokki. Er með þessu frumvarpi verið að virða rétt kvenna og karla til að stjórna sinni frjósemi.

Almennt er frumvarpið og greinagerðin vel fram sett og skýrt. Meðfylgjandi er þó ábending til umhugsunar við lagasetninguna.

Með gr. 3 er verið að veita öllum rétt til að taka ákvörðun um ófrjósemisaðgerð og í gr. 4 er skýr skylda heilbrigðisstarfsfólks að fræða um afleiðingar aðgerðar og í hverju aðgerðin er fólgin.

Landspítali bendir á viðkvæma stöðu einstaklinga yfir 18 ára með mikla þroskaskerðingu.

Tryggja þarf að viðkomandi hafi möguleika og getu til að skilja afleiðingar þessarar mikilvægu ákvörðunnar. Eins og frumvarpið er fram sett virðist ekki unnt að tryggja að heilbrigðisstarfsfólk sem ekki hefur sérhæfingu í að vinna með mikið þroskaskerta einstaklinga getur tryggt upplýst samþykki.

Æskilegt væri að sérfræðingar innan málaflokks mikilrar þroskaskerðingar komi að málum í þeim tilfellum.